



## Stjórnarfundur UÍA

Haldinn á Teams, þriðjudagur 09.02.2022 kl: 17:00

Mætt eru Benedikt Jónsson formaður, Björgvin Stefán Pétursson, Gunnar Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Þórunn María Þórgrímsdóttir, Guðjón Magnússon og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir

### Dagskrá

- Síðasta fundargerð (meðfylgjandi)
- Skrifstofa Snæfell og fl og verkefni sumarsins
- Innsent erindi frá HG margföldum íslandsmeistara í bogfimi (meðfylgjandi)
- Sambandsþing UÍA 2022
- Önnur mál

Síðasta fundargerð samþykkt samhljóða

### Ýmislegt efni tengt skrifstofu og starfinu

Útgáfa Snæfells gekk vel. Sumarstarfsmaður sl. ára verður að öllum líkindum áfram.

Tour de Ormurinn – verður að öllum líkindum 13.08. Gassi hefur áhuga á að stofna hóp um framkvæmd keppninnar. Ef stjórnarmönnum dettur einhver hug sem gæti haft áhuga þá eru þeir beðnir um að láta Gassa vita.

Sumarhátíð – það ætti að vera möguleiki á að halda Sumarhátíð án þess að rukka þátttökugjöld. Það ættu að vera möguleikar á að fá styrki.

### Innsend erindi

Erindi frá Haraldi Gústafssyni vegna styrks fyrir keppnisferð á EM í bogfimi. Ákveðið var að styrkja hann um 80.000 kr.

### Sambandsþing UÍA

Gassi mun skoða viðburði sem er í kringum okkur til að sjá út hvenær hægt verði hægt að halda sambandsþing UÍA. Stefnt er að því að hafa næsta þing á Seyðisfirði eins og stefnt hefur verið á sl. 2 ár.

### Önnur mál

Björgvin Stefán mun setja niður verklagsreglur og viðmið við úthlut úr afrekssjóði ÚÍA.

Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík er að færa sig í nýtt húsnæði. Hafa óskað eftir því við sambandsaðilar að skoða hvort það séu einhverjar óskir. Hér fyrir neðan eru nokkrar hugmyndir

- Ódýrt gistirými fyrir börn og unglina
- Aðstaða fyrir landsbyggðarfélög að halda liðsfundi/hópafundi fyrir keppni
- Sjúkraþjálfaraaðstaða fyrir landsbyggðarfélög
- Áburðaraðstaða fyrir skíðafélög á landsbyggðinni þegar komið er í keppni

Stefnt er að því að hafa næsta fund þriðjudaginn 08.03 kl. 17:00

Fundi slitið kl. 17:50

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir